

Nd.

622. Breytingartillögur

[233. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu.

Frá Geir Gunnarssyni, Jónasi Árnasyni, Hannibal Valdimarssyni, Þórarni Þórarinssyni, Friðjóni Þórðarsyni, Matthíasi Bjarnasyni, Halldóri E. Sigurðssyni, Eðvarð Sigurðssyni og Steingrími Pálssyni.

1. Við 2. gr.
 - a. Liður E 6 falli niður.
 - b. Í stað orðanna „upp að meginlandi“ í lið E 8 komi: utan línu, sem dregin er 1 sjómílu utan við grunnlínu milli Gáluvíkur (grunnlínupunktur 40), Hraunvarar (grunnlínupunktur 41) og Skálatanga (grunnlínupunktur 42).
2. Við bætist ný grein, sem verði 6. gr., svo hljóðandi:
Á eftir 5. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:
Óheimilt skal skipstjóra, sem framið hefur ítrekað brot á 1., 2. og 3. gr. laga þessara, að hafa á hendi skipstjórn við fiskveiðar með botnvörpu eða flotvörpu.
3. Við 8. gr. Í stað „ársloka 1971“ komi: ársloka 1970.